

Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 505/1997.

Ákærvaldið

(Símon Sigvaldason saksóknari)

gegn

Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson

(Magnús Norðdahl hrl.) og

Gunnari Ólafssyni

(Tómas Jónsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærðu með áfrýjunarstefnu 12. desember 1997. Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu ákærðu, en þyngingar á refsingu. Ákærðu krefjast aðallega sýknu, til vara, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, og til þrautavara, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað til meðferðar og dómsálagningar í héraðsdómi að nýju. Verði ekki fallist á aðal- eða varakröfur, krefjast ákærðu þess, að brot þeirra verði heimfærð undir 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr., og 2. mgr. 22. gr. sömu laga, og þeim dæmd lágmarksrefsing. Í héraði var mál þetta höfðað gegn tveimur mönnum til viðbótar, en þeir hafa ákveðið að una héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal yfirlýsing tveggja þáverandi deildarstjóra hjá Pósti og síma hf. um tilhögun vakta og meðferð hraðsendinga.

I.

Ákærðu er gefið að sök að hafa ásamt tveimur öðrum staðið saman að kaupum og innflutningi á 783 töflum með vímuefninu MDMA (3,4 metýlendíoxímét-amfetamíni), öðru nafni „ecstasy“, sem voru sendar til Íslands póstleiðis í tveimur pökkum frá London og komu til landsins 1. ágúst 1997, en tollgæslan fann þakkana daginn eftir í pósthúsinu að Ármúla 25 í Reykjavík. Ákærða Pétur Bruno er gefið að sök að hafa lagt fram 400.000 krónur til kaupa á

vímuefninu og afhent meðákærða X peningana. Ákærða Gunnari er gefið að sök að hafa gefið meðákærða X upplýsingar, sem honum voru kunnar vegna starfa sinna hjá Pósti og síma hf., um það, eftir hvaða leiðum hentugast væri að senda pakkana með vímuefninu frá London. Hafi hann ætlað að nýta sér aðstöðu sína sem starfsmaður við akstur póstsendinga til að taka pakkana úr umferð, áður en þeir kæmust til viðtakenda. Þegar það tókst ekki, hafi hann og tveir meðákærðu reynt að nálgast pakkana, áður en þeim yrði skilað.

Ákærðu telja, að rannsókn og undirbúningi málshöfðunar hafi verið verulega áfátt. Samkvæmt gögnum málsins sætti það ýtarlegri og venjubundinni rannsókn, og er frávísunarkrafa ákærðu engum haldbærum rökum studd. Þá krefjast ákærðu ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar til dómsálagningar að nýju. Byggja þeir það á því, að héraðsdómur hafi ranglega metið gildi þess munnlega framburðar, sem hann lagði til grundvallar dómi, og jafnframt ekki tekið afstöðu til framburðar vitna, sem báru ákærðu í hag. Ekki hefur verið sýnt fram á annmarka á meðferð málsins, sem valdi ómerkingu héraðsdóms, en fjallað verður um mat dómsins á sönnunargildi munnlegs framburðar hér á eftir.

II.

Ákærði Pétur Bruno hefur frá upphafi neitað sök. Hann hefur viðurkennt að hafa farið með meðákærða X til Hafnarfjarðar laugardagsmorguninn 2. ágúst 1997, brotið upp póstkassa í húsinu Hvammabraut 8 og tekið úr honum tilkynningu um póstsendingu, sem í honum var. Kveðst ákærði Pétur Bruno hafa farið með meðákærða X til að ná í peninga, sem hann hafi verið að innheimta, en neitar að greina frá því, hve há fjárhæðin hafi verið og hvernig skuldin væri til komin. Héraðsdómur hefur metið framburð hans um þetta mjög ótrúverðugan, og er hann ekki studdur gögnum eða tilvísun til manna, sem gætu rennt undir hann stoðum. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til rökstuðnings héraðsdóms þykja ekki efni til að hnekkja sakarmati hans, og telst sannað, að ákærði Pétur Bruno hafi átt hlut að innflutningnum á þann veg, sem lýst er í ákæru.

Ákærði Gunnar hefur einnig neitað sök frá upphafi. Hann hefur viðurkennt að hafa gefið meðákærða X almennar upplýsingar um

starf sitt hjá Pósti og síma hf. og feril póstsendinga og jafnframt fengið boð frá honum um að skjóta undan póstsendingu gegn greiðslu, en því hafi hann neitað. Þá er einnig fram komið, að ákærði Gunnar vissi, að meðákærði X neytti fíkniefna. Hann bar fyrir dómi, að ástæðan fyrir fundi þeirra í Hafnarfirði að morgni laugardagsins 2. ágúst hafi verið sú, að hann hafi ætlað að kaupa farsíma og geislaspilara af meðákærða X. Hafi meðákærði X sagt sér, að hann ætti von á póstsendingu, og myndu vitnin Atli Þórðarson og Gísli Elmarsson verða við ákveðið heimilisfang í Hafnarfirði þennan morgun. Hafi meðákærði X beðið sig um að vera með þeim og fylgjast með húsinu. Fyrir lögreglu bar ákærði Gunnar, að meðákærði X hefði beðið sig að koma þeim skilaboðum til Atla og Gísla, að þeir ættu að bíða eftir póstinum, og þegar hann væri farinn, að taka miða, sem hann myndi skilja eftir. Fyrir dómi mundi hann ekki, hvort hann átti að minna Gísla og Atla á að taka bréf eða pakka úr póstkassanum, en honum hafi þótt „gruggugt“ að eiga að koma skilaboðum til þeirra. Þegar litið er til þessa og eindregins framburðar meðákærða X og tveggja vitna um þátttöku hans, þykja ekki efni til að hnekkja því mati héraðsdóms, að framburður ákærða Gunnars hafi verið ótrúverðugur og að sannað sé, að hann hafi verið þátttakandi í brotinu. Verður að líta svo á, að hlutverk hans hafi átt að vera í því fólgið að gefa upplýsingar um feril sendingarinnar og stuðla að því, að hún kæmist í hendur ákærðu. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður þó að telja, að upplýsingar ákærða Gunnars hafi ekki haft úrslitapýðingu fyrir framkvæmd verknadarins. Ósannað er, að ákærði Gunnar hafi ráðið því, að pakkarnir voru sendir á heimilisföng í Hafnarfirði. Þá er og fram komið, að hann vissi, að um fíkniefni væri að ræða, en vissi ekki, hvers konar fíkniefni, og hann átti ekki að fá neitt af þeim í sinn hlut, heldur ákveðna peningagreiðslu. Þegar allt þetta er virt, telst þáttur ákærða Gunnars í brotinu vera nokkru minni en annarra ákærðu.

Staðfesta ber heimfærslu héraðsdóms til refsíákvæða. Refsing ákærða Péturs Bruno þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi í 4 ár, en refsing ákærða Gunnars er með vísan til ofanritaðs ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærðu kemur til frádráttar refsingum þeirra.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu verða dæmdir til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson sæti fangelsi í 4 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá og með 14. ágúst 1997 komi til frádráttar refsingu.

Ákærði Gunnar Ólafsson sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist hans frá og með 17. ágúst 1997 komi til frádráttar refsingu.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku efna og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði Pétur Bruno greiði verjanda sínum, Magnúsi M. Norðdahl hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Gunnar greiði verjanda sínum, Tómasi Jónssyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað fyrir Hæstarétti greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 120.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. nóvember 1997.

Ár 1997, fimmtudag 13. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara sem dómsformanni og héraðsdómurunum Arngrími Ísberg og Helga I. Jónssyni sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 721/1997: Ákærvaldið gegn X, Y, Péttri Bruno Scheving Thorsteinsson og Gunnari Ólafssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. október sl., á hendur ákærðu, X, fæddum 1974, Y, fæddum 1976, Péttri Bruno Scheving Thorsteinsson, Fells múla 22, fæddum 30. september 1972, fæðingarnúmer 527, öllum í Reykjavík, og Gunnari Ólafssyni, Smárahvammi 8, Hafnarfirði, fæddum 12. nóvember 1974, fæðingarnúmer 332.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir brot gegn lögjöf um ávana- og fíkniefni með því að hafa sumarið 1997 í hagnaðarskyni staðið saman að kaupum og innflutningi á 783 töflum með vímuefninu

MDMA (3,4 metýlendíoxímét-amfetamíni), sem ákærðu sendu til Íslands póstleiðis í tveimur pökkum frá London og komu 1. ágúst og tollgæslan fann daginn eftir í pósthúsinu að Ármúla 25, Reykjavík, svo sem hér greinir:

1. Ákærða X er gefið að sök að hafa tiltekið sumar verið frumkvöðull og skipuleggjandi að kaupunum og innflutningnum, lagt á ráðin við meðákærðu um framkvæmd brotsins og tengt saman hlutverk þeirra. Ákærði lagði á ráð með meðákærða Gunnari, sem þá starfaði við akstur póstsendinga hjá Pósti og síma hf., eftir hvaða leiðum hentugast væri að senda vímuefnið frá London hingað til lands til að tryggja, að það kæmist í hendur ákærða. Einnig útvegaði hann peninga til kaupa á vímuefninu frá meðákærða Pétri Bruno og afhenti þá meðákærða Y. Ákærði átti að fá í sinn hlut fjórðung af töflunum.

Við rannsókn málsins var á heimili ákærða lagt hald á í eigu hans 2,7 g af hassi og tæki til ólögmastrar notkunar þess.

2. Ákærða Y er gefið að sök að hafa í lok júlí í samræmi við fyrri ráðagerðir þeirra meðákærða X keypt vímuefnið í London og sent með hraðpósti til Íslands 31. júlí í tveimur pökkum, en á pakkana ritaði ákærði nöfn íbúa í Hafnarfirði að fyrirætlum meðákærða X, sbr. tölulið 1. Ákærði átti að fá í sinn hlut fjórðung af töflunum.

3. Ákærða Pétri Bruno Scheving Thorsteinsson er gefið að sök að hafa í lok júlí í samræmi við fyrri ráðagerðir þeirra meðákærða X lagt fram 400.000 kr. til kaupa á vímuefninu. Afhenti hann meðákærða X peningana á þáverandi heimili X að ... í Reykjavík skömmu fyrir brottför meðákærða Y til London, sbr. tölulið 1 og 2. Ákærði átti að fá í sinn hlut helming af töflunum.

Við rannsókn málsins var á heimili ákærða lagt hald á ólöglega innflutt 195 stykki af 5 mg töflum af karlkynshormónalyfinu methandrostenolone, 126.500 kr. í peningum og 200 rása bílsímahlerunartæki með sjálfleitara.

4. Ákærða Gunnari Ólafssyni er gefið að sök að hafa um sumarið gefið meðákærða X upplýsingar, sem ákærða voru kunnar vegna starfa sinna hjá Pósti og síma hf., um það, eftir hvaða leiðum hentugast væri að senda pakkana með vímuefninu frá London. Ætlaði ákærði að nýta sér aðstöðu sína sem starfsmaður við akstur póstsendinga til að taka pakkana með vímuefnunum úr umferð, áður en þeir kæmst til viðtakenda, sbr. tölulið 1. Þegar það tókst ekki, reyndu ákærði og meðákærðu X og Pétur Bruno að nálgast pakkana, áður en þeim yrði skilað. Fylgdist ákærði með heimili annars viðtakenda, en hörfaði af vettvangi, er hann þekkti annan þeirra lögreglumanna, sem fylgdu póststarfsmanninum, eða varð þess á annan hátt var, að

ekki var allt með felldu. Ákærði átti að fá í sinn hlut allt að 250.000 kr. í þóknun fyrir sinn hlut í málinu, þegar búið væri að selja vímuefnið.

Teljast framangreindir verknaðir ákærðu varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Þá er þess krafist, að framangreindar 783 töflur af vímuefninu MDMA verði gerðar upptækar svo og 2,7 g af hassi og efni til ólögmætrar notkunar þess, allt samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Einnig er þess krafist, að gerðar verði upptækar 195 töflur af karlkynshormónalyfinu methandrostenolone samkvæmt 4. mgr. 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. lög nr. 55/1995, og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963.

Loks er þess krafist, að gerðir verði upptækir peningar, 126.500 kr., og bílsímahlerunartæki, sem getið er í 3. tölulið hér að framan, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga.“

Við þingfestingu málsins var dregin til baka upptökukrafan í ákæru um 126.500 krónur og bílsímahlerunartæki svo og krafa um upptöku á tækjum til ólögmætrar notkunar hass, en í upptökukröfu ákæru stendur efni í stað orðsins tæki.

Laugardaginn 2. ágúst sl. komu til athugunar í tollpóststofunni í Ármúla 25 í Reykjavík tvær hraðsendingar, sem voru póststimplaðar í pósthúsi við Lower Regent Street í London 31. júlí sl. Í þessum pakka reyndust vera 783 drapplitaðar töflur með íþrykktri mynd af höfrungi, sem samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði innihalda MDMA-efni og eru nefndar e-töflur. Í þökkunum var töflunum komið fyrir inni í bókum, sem skorið hafði verið innan úr. Voru í öðrum pakknum 495 töflur, en í hinum 288. Nöfn viðtakenda voru ekki hin sömu á báðum þökkum, en um var að ræða tvö kvenmannsnöfn, sem reyndust nöfn systra, og heimilisföng þeirra að Hvammabraut 8 og Suðurhvammi 5 í Hafnarfirði. Lögreglu voru afhentir pakkarnir, þeir opnaðir og úr þeim teknar töflurnar og í stað þeirra settar skaðlausar töflur og pakkarnir látnir fara í útburð. Við Hvammabraut 8 sást til ákærða Péturs Brunos Scheving Thorsteinnsson, þar sem hann braut upp póstkassa og tók tilkynningu, sem póstburðarmaður hafði skilið eftir vegna annars pakkans. Eftir helgina var eftirlit lögreglu haft með pósthúsinu í nokkra daga, en enginn kom og vitjaði pakkanna. Við greiningu á efninu á rannsóknastofunni kom í ljós, að töflurnar voru 8 mm í þvermál og innihéldu um 101 mg af áðurgreindu efni. Þá voru þær 0,297 og 0,298 g að þyngd.

Rannsókn lögreglunnar í Reykjavík leiddi til handtöku ákærðu X, Y, Pét-

urs Brunos Scheving Thorsteinsson og Gunnars Ólafssonar. Fyrst var ákærði Pétur Bruno handtekinn 13. ágúst sl. kl. 15.58, þá ákærði X 14. ágúst sl. kl. 14.45, ákærði Gunnar 15. ágúst sl. kl. 21 og síðastur ákærði Y 19. ágúst sl. kl. 19.17.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu, þrisvar til fimm sinnum hver um sig og báru allir við sakleysi sínu í fyrstu, en fljótlega viðurkenndu ákærðu X og Y aðild sína að málinu og greindu frá þætti hinna tveggja, sem hvorugur játaði að eiga hlut að því. Ekki þykir ástæða til að rekja sérstaklega yfirheyrslurnar yfir ákærðu hjá lögreglu né lögreglurannsóknina að öðru leyti. Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð málsins.

Ákærðu X og Y segja sakargiftum rétt lýst í ákæru, að því er þá varði, en ákærði X vill hins vegar ekki viðurkenna að hafa verið frumkvöðull og skipuleggjandi að kaupum og innflutningi taflnanna umfram aðra ákærðu.

Ákærði Pétur Bruno og Gunnar neita báðir sakargiftum og kannast ekki við að hafa átt hlut að því, sem þeim er gefið að sök.

Ákærði X segir það hafa komið til tals milli sín og ákærða Péturs Brunos um einum og hálfum mánuði áður að flytja til landsins fíkniefni, en ekki var ákveðið, um hvaða fíkniefni yrði að ræða. Þá kom það fram hjá þeim í þessu samtali, að ákærði Pétur Bruno var tilbúinn að leggja fram fé fyrir innflutningnum, en hann hefði það undir höndum. Eftir þetta samtal hittu ákærði ákærða Y og sagði honum frá samtali þeirra ákærða Péturs Brunos. Það samtal fór fram um viku eftir samtal þeirra ákærða og ákærða Péturs Brunos. Samtal þeirra ákærða Y leiddi til þess, að ákærði Y kvaðst fús til þess að taka þátt í þessu. Mjög stuttu eftir þetta hafði ákærði tal af ákærða Gunnari og sagði honum frá því, að þeir hinir hefðu í hyggju að flytja inn fíkniefni. Spurði ákærði ákærða Gunnar, hvort hann væri tilbúinn að taka þátt í þessu með þeim hinum. Játaði ákærði Gunnar því, og var ákveðið með þeim tveimur, að ákærði Gunnar kannaði mögulegar flutningaleiðir til landsins vegna starfs síns hjá póstinum. Jafnframt kom fram hjá ákærða, að ákærði Gunnar skyldi fá þóknun fyrir þátttöku sína í málinu. Þá er hér var komið, var talað um einhver hundruð þúsunda. Eftir að ákærði hafði rætt við ákærða Gunnar, ræddi hann við hina ákærðu hvern í sínu lagi og sagði þeim frá undirteknum ákærða Gunnars. Kveðst ákærði hafa sérstaklega rætt málið við ákærða Pétur Bruno, þar sem hann ætlaði að fjármagna innflutninginn. Játaði ákærði Pétur Bruno, að sér litist vel á þetta og hann væri tilbúinn með 400.000 krónur. Einnig ræddu þeir, hvaða fíkniefni skyldu keypt. Var það ákærði Pétur Bruno, sem sagðist vilja flytja inn MDMA-töflur. Ekki vissu þeir félagar, hvert verðið yrði á töflunum og hvað þeir fengu mikið fyrir 400.000 krónurnar.

Eftir þetta leiddi eitt af öðru, og ákærði hitti ákærða Gunnar nokkrum sinnum. Sagði ákærði Gunnar ákærða, hvernig best væri að standa að innflutningnum. Kom ákærði þeim skilaboðum til ákærðu Péturs Brunos og Y. Ákærði man ekki með vissu til þess, að þeir ákærðu Pétur Bruno og Y hefðu hitt ákærða Gunnar, á meðan verið var að skipuleggja innflutninginn, en þó mætti vera, að ákærði Y hefði einhvern tíma hitt ákærða Gunnar á þessu tímabili.

Einhvern tíma, meðan á þessu stóð, var ákveðið, að ákærði Y notaði ferð, sem hann var búinn að ákveða til London, til að kaupa töflurnar, en þessi ferð átti að hefjast seint í júlí sl. Daginn, sem ákærði Y ætlaði til London, var hann heima hjá ákærða, og biðu þeir þess, að ákærði Pétur Bruno kæmi með peningana. Þangað kom hann með þá og afhenti ákærða, en ekki man ákærði nákvæmlega upp á mínútu, hvenær hann kom. Þá man ákærði ekki, hvort ákærði Y sá, þegar ákærði Pétur Bruno afhenti sér peningana. Fór ákærði Pétur Bruno síðan á brott, en ekki man ákærði, hvernig hann sjálfur fór til vinnu sinnar í Þjóðarbókhöðunni við teppahreinsun, en minnir, að annaðhvort hann sjálfur eða ákærði Y hafi ekið hinum. Ákærði og ákærði Y sáu síðan um að skipta peningunum í ensk pund. Hringdi ákærði í unnustu sína og bað hana að skipta fyrir sig pundum vegna ákærða Y, sem væri skilríkjalaus, en raunverulega ástæðan var sú, að þeir ákærðu Y vildu ekki skipta peningunum í eigin nafni, og var það hugsað svo af þeirra hálfu, til að erfiðara yrði að rekja innflutninginn til þeirra. Samþykkti unnustan þetta og skipti 150.000 krónum og afhenti ákærða Y þá peninga. Þá hringdi ákærði eða ákærði Y í G, og var hann fenginn til þess að skipta jafnhárrí fjárhæð á sömu forsendum, en ákærði og G eru systrasynir. Kveðst ákærði ekki hafa farið á vinnustað G til að fá hann til að skipta peningunum, en þeir, sem G skipti, voru afhentir ákærða Y, sem fór ásamt unnustu sinni til London flugleiðis þetta sama kvöld eða næstu nótt. Ákærði hafði samband við ákærða Y, á meðan hann var í London vegna innflutningsins og vegna þess, að eftir var að koma 100.000 krónum til hans þangað, en þær höfðu gleymst hér á landi og ákærði Y því ekki getað skipt þeim á flugvellinum, eins og upphaflega hafði verið fyrirhugað. Þessir peningar voru síðan símsendir til London af unnustu ákærða til unnustu ákærða Y. Í símtölunum frá London kom fram, að töflurnar hefðu verið keyptar, og rétt var frekar um flutning þeirra til landsins. Til stóð, að ákærði Gunnar yrði að vinna um verslunarmannahelgina, en þá áttu töflurnar að koma og hann að sjá um að ná þeim úr pósti og koma þeim til ákærða.

Annaðhvort seinni hluta miðvikudags eða fimmtudags fyrir helgina

hringdi ákærði Gunnar í ákærða og sagði honum, að ekki væri víst, að hann fengi vinnu um verslunarmannahelgina, en fengi um það endanlegt svar á föstudeginum. Það svar var neikvætt, og var þá ákveðið, að þeir fylgdust með húsunum, þangað sem sendingarnar áttu að fara. Var svo gert.

Á fimmtudeginum eða föstudeginum talaði ákærði við G og A, örugglega á föstudeginum, en einnig áður og spurði þá, hvort þeir gætu hugsað sér að gera sér greiða. Þeir samþykktu það. Þetta fyrsta samtal þeirra hafði farið fram annaðhvort á miðvikudeginum eða fimmtudeginum. Á föstudeginum talaði ákærði við þá báða og sagði þeim, að þeir ættu að gera sér greiðann á laugardeginum, og samþykktu þeir það.

Á laugardagsmorgninum, um eða eftir klukkan tíu, hittust ákærði og ákærði Gunnar við bensinstöð í Hafnarfirði, og voru þeir áður búnir að hringjast á og ákveða þann fundarstað. Hittust þeir einir þarna og ræddu, hvernig staðið skyldi að móttöku pakkanna, en þeir áttu að koma hvor á sitt heimilisfangið. Ákærði ók að því búnu aftur til Reykjavíkur til að sækja ákærða Pétur Bruno, G og A. G hringdi í GSM-síma, sem ákærði var með, og sagði þá vera heima hjá A. Sótti ákærði þá þangað, og var haldið heim til ákærða, þar sem ákærði fékk A lykla að bifreið sinni og sagði þeim að aka suður í Hafnarfjörð og hitta ákærða Gunnar á öðru hvoru heimilinu, en ekki man ákærði, hvort þeirra það var. Sjálfur ók ákærði bifreið unnustu sinnar að húsi við Mávahlíð, en þar vissi hann, að ákærði Pétur Bruno væri; þeir höfðu áður talast við í síma þennan dag. Þegar ákærði hitti ákærða Gunnar í Hafnarfirði, fékk ákærði honum farsíma, sem ákærði hafði fengið lánaðan í því skyni að láta ákærða Gunnar hafa hann. Ákærði og ákærði Pétur Bruno óku nú saman suður í Hafnarfjörð að heimili, þar sem þeir ætluðu að vera.

Einhvern tíma um þetta leyti hringdi G í ákærða og spurði, hvort þeir væru ekki áreiðanlega á réttu heimili, en ákærði Gunnar var þá ekki kominn þangað, eins og fyrir fram hafði verið ákveðið. Sagði ákærði þeim að bíða rólegum. Þegar þeir ákærðu Pétur Bruno komu að húsinu, gekk ákærði inn í stigaganginn og kannaði, hvort nokkuð væri komið í póstkassann, en svo var ekki. Ákærði fór þá aftur út í bifreiðina, og biðu þeir fyrst nokkurn tíma, en héldu síðan að hinu heimilinu og hittu þar G og A, sem upplýstu, að ákærði Gunnar hefði farið frá. Eftir þetta óku þeir aftur að fyrra húsinu. Biðu þeir þar nokkuð lengi, en fyrr um morguninn hafði ákærði Gunnar upplýst, að pósturinn myndi koma að húsinu milli kl. 12.30 og 14.00. Þá hafði ákærði Gunnar með einhverjum öðrum hætti kannað frekar, hvenær von væri á póstinum, og nefndi í því sambandi, að hann hefði skilið símboða sinn eftir á vinnustaðnum af ásettu ráði til að geta

hringt á vinnustaðinn og spurt um hann og fengið einhvern þar til að senda sér hann suður í Hafnarfjörð. Kom nú pósturinn og fór inn í húsið. Eftir að hann var farinn, fór ákærði Pétur Bruno inn í stigaganginn, braut upp póstkassann og kom með tilkynninguna frá póstinum um annan pakkann. Var þeim báðum brugðið, þar sem þeir áttu von á því, að pakkinn hefði verið skilinn eftir. Um þetta leyti hringdi ákærði Gunnar í ákærða og sagði, að þetta væri eitthvert „klikk“. Óku nú ákærði og ákærði Pétur Bruno áleiðis að hinu heimilinu og sáu þá G og A koma gangandi á milli húsa. Vildu þeir láta aka sér til Reykjavíkur, en ákærði Pétur Bruno vildi aka að hinu húsinu til að ná í hina tilkynninguna eða kanna, hvort hinn pakkinn væri kominn þangað. Ákærði Pétur Bruno fór nú úr bifreiðinni, og um það leyti kom ákærði Gunnar akandi til þeirra og tók ákærða Pétur Bruno upp í bifreiðina til sín. Óku þeir saman á brott í átt að hinu húsinu, en ákærði ók til Reykjavíkur með A og G. Ákærða minnir, að ákærði Pétur Bruno hafi haft orð á því, áður en hann hélt með ákærða Gunnari að hinu húsinu, að hann vildi ná í tilkynninguna, því að hann hefði borgað 400.000 krónur fyrir hana.

Ákveðið var í upphafi, að ákærði Pétur Bruno fengi helming af töflunum, þar sem hann fjármagnaði kaupin, en ákærði og ákærði Y áttu að fá hvor um sig fjórðung af þeim. Ekki var búið að ákveða útsöluverð á töflunum, en ákærða hafði dottið í hug, að hægt væri að selja þær á 2.000 krónur stykkið. Ákærði man ekki til þess, að ákærði Gunnar vissi, hvaða efni átti að flytja inn, hann hafi bara vitað, að um fíkniefni væri að ræða. Ekki veit ákærði, hvers vegna áðurgreindur laugardagur var sérstaklega valinn til innflutningsins, en bendir á, að ákærði Y hafi verið erlendis á þessum tíma. Þá hafði þeim ákærðu dottið í hug, að margir fíkniefnalögglumenn væru utan höfuðborgarsvæðisins einmitt þessa helgi. Þetta var þó ekki ákvörðunarástæðan, og ekki hafði komið til tals að selja töflurnar á útihátíðum um verslunarmannahelgina. Ákærði segir, að hugsunin hafi verið sú, að ákærði Gunnar væri „fastur hlekkur“ í því, að innflutningurinn kæmist á, og hlutur ákærða Gunnars að málinu hafi verið í sambandi við flutninginn á efninu til landsins, en talin var of mikil áhætta að láta ákærða Y flytja efnið til landsins í farangri sínum. Ákærði segir, að ákærðu Pétur Bruno og Gunnar hafi ekki vitað hvor af annars þætti í málinu að öðru leyti en því, að ákærði Pétur Bruno hafi vitað, að maður hjá póstinum var með í málinu og að það væri ákærði Gunnar, sem hann þó þekkti ekki. Ákærði Pétur Bruno vissi, áður en laugardagurinn rann upp, að ákærði Gunnar yrði ekki á vakt þann dag. Ákærði segir, að nöfnin á sendingarnar hafi verið valin af handahófi og tilviljun ráðið því, hver þau urðu. Hafi ákærði Gunnar ákveðið, að tekin

yrðu nöfn úr einhverjum fjölbýlishúsum. Kveðst ákærði hafa sjálfur farið inn í fjölbýlishús til að leita nafna á sendingarnar og verið einn við það. Þakkarnir voru hafðir tveir, svo að þeir yrðu ekki of þungir. Ákærði segir ákærða Gunnar hafa einu sinni sl. haust keypt af sér magnara. Voru þetta einu viðskiptin, sem þeir áttu af þessu tagi. Ákærði kveðst kannast við að hafa rætt við ákærða Gunnar eftir umræddan laugardag í síma í nokkuð mörg skipti, og ræddu þeir m. a. þetta mál. Ákærði kannast ekki við að hafa skuldað ákærða Pétro Bruno peninga né öðrum, sem ákærði Pétur Bruno hafi verið að innheimta fyrir. Ákærði segir ákærða Pétur Bruno hafa verið í mótörhjóra-„galla“, þegar hann kom á heimili hans.

Ákærði kveðst hafa verið búinn að vera í mjög harðri fíkniefnaneyslu í tvö eða þrjú ár, þegar ákveðið var að efna til innflutningsins, og hafa neytt amfetamíns og MDMA-taflna um helgar, en reykt hass á virkum dögum. Var innflutningurinn af hálfu ákærða hugsaður til þess, að hann gæti haldið áfram eigin neyslu, bæði með því að fá efni og geta selt af þeim til kaupa á öðrum efnunum. Þóknun til ákærða Gunnars átti að koma frá hinum í sömu hlutföllum og skiptingin á töflunum sjálfum.

Ákærði sá ekkert athugavert við það, að ákærði Y hygðist skipta 100.000 krónum í fríhöfninni við brottför, enda er það ekki óeðlileg upphæð fyrir aðila, sem er að fara til útlanda. Ákærði segir það líka hugsanlegt, að unnusta ákærða Y hefði skipt 100.000 krónum í fríhöfninni, ef ekki hefði gleymst að taka með 100.000 krónurnar fyrir fíkniefnunum. Ákærði segir, að hann hafi látið senda peningana til London að ákvörðun ákærða Y, og hafi verið ákveðið í samráði við stúlku, sem sá um að senda peningana, hvert væri hentugast að senda þá miðað við dvalarstað ákærða Y í London. Ákærði segir lögreglu ekki hafa skýrt sér frá því, að ákærði Pétur Bruno hefði sagt lögreglunni, að þeir hinir hefðu verið í Hafnarfirði. Ákærði sagði í fyrstu ósatt hjá lögreglu til að bjarga sér út úr málinu, en síðan ákveðið að segja sannleikann.

Ákærði segir það hafa verið tilviljun, að nöfn systra voru valin á sendingarnar, og vissi ekki, að önnur þeirra væri kennari í háskólanum í grein, sem ákærði hafði verið innritaður í. Ákærði segir það hafa verið varúðarráðstöfun að velja póstkassa í fjölbýlishúsum og að ákærði Gunnar hafi gefið nákvæmar upplýsingar um það, hvernig staðið skyldi að flutningi efnisins í gegnum póstin hingað til lands. Voru þetta upplýsingar um sendingartíma, hvert ætti að senda pakkana, hvenær, í hverju væri hentugt að senda efnið og í hvaða pósti. Þessar upplýsingar gaf ákærði Gunnar á tímabilinu, frá því að fyrst var talað við hann og þangað til innflutningurinn þótti nægjanlega skipulagður, en það var áður en ákærði Y fór úr landi. Ákærði segir, að

ákærði Gunnar hafi átt að fá greiðsluna, sem honum var ætluð, fyrir að gefa upplýsingarnar og að standa að framkvæmd verksins ásamt hinum. Ákærði segir hugsanlegt, að komið hafi fram í samtali við ákærða Gunnar á föstudagskvöldið, að G ætlaði að kaupa hljómflutningstæki af B.

Ákærði og ákærði Gunnar ræddu á miðvikudeginum eða fimmtudeginum um breytta skipulagningu við móttöku pakkanna með hliðsjón af því, að ákærði Gunnar fengi ekki vinnu á laugardeginum. Ákærði man ekki, hversu oft þeir ákærði Gunnar ræddu saman í síma á föstudeginum. Hélt ákærði í upphafi, eftir að hann hafði verið handtekinn, að hann gæti haldið ákærða Gunnari utan við málið, en við nánari íhugun sá hann, að það gat ekki gengið, og breytti því um framburð og sagði sannleikann. Ákærði segir, að það hafi strax verið fyrsta daginn, sem þeir ákærði Gunnar ræddu um hugsanlegan innflutning á efninu, að ákærði Gunnar samþykkti að sjá um pakkana. Ákærða minnir, að fyrsta samtalið um þetta efni við ákærða Gunnar hafi verið í Þjóðarþóklöðunni eða heima hjá ákærða. Ákærði er alveg viss um, að ákærði Gunnar hafi samþykkt að vera með í innflutningnum frá upphafi. Ákærði segir það hafa verið hálfgerft „rugl“ að fá A og G til að vera með ákærða Gunnari við Suðurhvamm á laugardeginum, enda hafi ákærði Gunnar átt að sjá um málið þar. Segir ákærði ákærða Gunnar hafa samþykkt það með beinum hætti að hafa eftirlit með húsinu við Suðurhvamm, enda verið þátttakandi í málinu til jafns við hina. Ákærði segir, að það hafi verið á miðvikudag eða fimmtudag, sem ákærði Y var látinn vita, að ákærði Gunnar yrði hugsanlega ekki að vinna á laugardeginum. Þá vissi ákærði ekki, hvort ákærði Y var búinn að senda pakkana. Ákærði kannast ekki við að hafa gefið fyrirmæli um að koma tilkynningu um póst til ákærða Gunnars á efri hæð að Smárahvammi 8. Ákærði kannast við að hafa haft á heimili sínu þau 2,7 g af hassi, sem um ræðir í ákæru.

Ákærði Y viðurkennir að hafa átt hlut að því að flytja inn MDMA-töflurnar. Telur ákærði, að það hafi verið um einum og hálfum mánuði áður en ákærði fór í ferðina til London með unnustu sinni seinni hluta júlí sl., sem það kom til tals milli hans og ákærða X að flytja inn fíkniefni, en ekki var þá rætt um hvers konar fíkniefni. Var ákærði X búinn að ræða við ákærða Pétur Bruno um þetta mál, eða svo sagði ákærði X ákærða. Sagði ákærði X eftir ákærða Pétri Bruno, að hann væri reiðubúinn að fjármagna innflutning fíkniefna í félagi við þá hina tvo. Ákærði segir, að annar hvor þeirra ákærða X hafi stungið upp á að fá ákærða Gunnar með í innflutninginn vegna þekkingar hans á póstútburði. Ákærði X hafði síðan tal af ákærða Gunnari og sagði ákærða, hvað þeim hafði farið á milli. Hafði ákærði Gunnar samþykkt að vera með í innflutningnum og kanna, hvernig

best væri að standa að honum. Ákærði hafði ekki sjálfur tal af ákærða Gunnari um þetta mál, hvorki fyrir för sína af landi brott né eftir að hann kom til landsins. Staðið hafði lengi til hjá ákærða og unnustu hans að fara í skemmtiferð til London, og var ákveðið, að förin skyldi farin 24. júlí sl. Ákærði var staddur heima hjá ákærða X í hádeginu daginn fyrir brottför sína og sá ákærða Pétur Bruno koma þangað í fullum mótörhólaklæðum og með hjálm á höfði. Hafði þá ekkert farið þeirra á milli um væntanlegan innflutning á fíkniefnum. Ákærði var staddur í stofu íbúðarinnar, þegar ákærði Pétur Bruno kom inn, og þar var ákærði X einnig. Þeir viku síðan út úr stofunni, en ákærði var áfram inni. Um það bil hálfri mínútu síðar kom ákærði X aftur inn í stofuna og ákærði Pétur Bruno á eftir honum, en hvarf á brott eftir stutta stund. Var ákærði X þá með peningaseðla í höndunum, en ekkert var rætt um þá sérstaklega. Segir ákærði ákærða X hafa verið búinn að segja sér, áður en ákærði Pétur Bruno kom, að hann væri væntanlegur í hádeginu með peningana, sem nota átti til innflutningsins, en ákærði átti ekki peninga til að leggja í hann. Ákærði segir, að þeir ákærði X hafi farið saman á vinnustað unnustu ákærða X og beðið hana að skipta fyrir sig 150.000 krónum í ensk pund. Fékk hún frí úr vinnunni til að skipta þessum peningum, en ákærði fór í Ármúla á vinnustað G, sem ákærði X var áður búinn að hringja í, til að láta G skipta jafnhárrí fjárhæð. Var skilríkjaleysi ákærða tilgreint sem ástæða til að fá G til að skipta peningunum. Sömu ástæðu mun ákærði X hafa gefið unnustu sinni. Áður en ákærði fór til G, fór hann með ákærða X í vinnuna, en hann var að vinna í Þjóðarbókhöðunni. Ákærði X tók við ensku pundunum hjá unnustu sinni eftir vinnu og afhenti ákærða þau á milli kl. 17.00 og 18.00, að ákærða minnir, heima hjá honum. Ákærði fór sjálfur með G í banka við Háaleitisbraut til að skipta peningunum og tók við ensku pundunum fyrir utan bankann, en peningunum var skipt í banka við Háaleitisbraut. Ekki man ákærði, hve mörg pund hann fékk fyrir 150.000 krónurnar. Eftir að ákærði hafði tekið við peningunum, ók hann G til baka í vinnuna og fór að undirbúa brottför sína, og fóru þau unnusta hans af landi brott flugleiðis til London eftir næsta miðnætti.

Í London fór ákærði að reyna að komast í samband við einhverja til að kaupa MDMA-töflur, en fljótlega eftir ákvörðun um innflutninginn hafi verið afráðið, að slíkar töflur yrðu keyptar. Var það ákærði X, sem hafði það eftir ákærða Pétri Bruno, að hann vildi, að slíkar töflur yrðu keyptar. Ákærði Pétur Bruno hafði peningana, og af þeim sökum var hann látinn ráða því, hvað keypt yrði. Eftir fárra daga dvöl í London var ákærði staddur á skemmtistað og hitti þá mann, sem var að selja MDMA-töflur. Ræddi

hann um það við manninn, að hann vildi kaupa af honum mikið magn af töflunum, og tók hann vel í það. Ekki þekkti ákærði manninn og man ekki, hvort hann spurði hann að heiti. Ekki veit ákærði heldur, hvað hann greiddi mikið fyrir töflurnar í pundum, en segist hafa notað 400.000 krónurnar til kaupanna, en þá var búið að draga frá kostnað vegna gjaldeyrisviðskiptanna. Hver tafla átti að kosta 4 pund.

Daginn eftir hittust þeir aftur og nú á götunni fyrir framan skemmtistaðinn. Þar fóru viðskiptin fram, og voru töflurnar í einum plastpoka inni í bréfpoka. Um leið afhenti ákærði seljandanum peningana. Ekkert gerði ákærði í því að kanna, hvort um væri að ræða rétta efnið, en var sagt við móttökuna á töflunum, að þær væru 783. Kveðst ákærði hafa sent þær allar til landsins í pokum inni í bókum, sem hann var búinn að skera innan úr. Ákærði og unnusta hans voru í íbúð í London, og þar gekk ákærði frá sendingunni með því að setja hana í tvo pakka og koma henni á pósthús. Telur ákærði sig hafa keypt töflurnar tveimur dögum fyrir póstlagningu pakkanna, en sett þær í póst í London hálf tíma fyrir lokun pósthússins. Ákærði var með nöfn viðtakenda í Hafnarfirði á miða með sér, þegar hann fór utan, og fékk þau hjá ákærða X. Ákærði hafði margsinnis samband við ákærða X, eftir að hann var kominn til London, og ræddi við hann um fyrirkomulag við sendinguna á töflunum til landsins, en áður var búið að ræða það hér á landi.

Ákærði segir ákærða X hafa átt uppástunguna að því að hafa ákærða Gunnar með í málinu, en hann átti að vera í starfi sínu hjá póstinum laugar daginn, sem töflurnar áttu að koma til landsins, og sjá um að koma þeim í hendur ákærðu, sem heima voru. Þátttaka ákærða Gunnars var ákveðin mjög fljótlega, eftir að farið var að tala um að kaupa og flytja inn fíkniefnin. Ákærði kveðst aldrei hafa talað við ákærða Gunnar vegna innflutningsins og hafði allt um þátt hans í málinu frá ákærða X. Segir ákærði, að samkvæmt frásögn ákærða X hafi ákærði Gunnar átt að fá tiltekna fjárhæð fyrir þátttöku sína við innflutninginn, og minnir ákærða, að talan hafi verið um 200.000 til 250.000 krónur. Var ákveðið, að ákærðu greiddu ákærða Gunnari í sama hlutfalli og töflunum væri skipt, en ákærði Pétur Bruno átti að fá helming þeirra, en hinn helmingurinn að skiptast að jöfnu á milli ákærða og ákærða X. Ákærði átti að setja töflurnar í póst síðari hluta fimmtudagsins, svo að þær kæmu til útburðar hér á landi á laugardeginum. Gerði ákærði þetta. Ákærði kveðst hafa hringt til ákærða X bæði á fimmtudeginum og föstudeginum, eftir að hann var búinn að setja töflurnar í póst. Í símtali milli þeirra á fimmtudagskvöldinu kom fram, að ekki væri víst, að ákærði Gunnar yrði að vinna á laugardeginum, en það myndi liggja fyrir

næsta dag. Þann dag ræddu þeir aftur saman í síma, og kom þá fram, að ákærði Gunnar fengi ekki vinnu á laugardeginum, og myndu þeir sitja fyrir póstinum til að ná í sendingarnar. Ákærði ræddi við ákærða X í síma á laugardeginum, þegar þeir voru að bíða eftir pökkunum, og kom fram í samtalinu, að ákærði X og ákærði Pétur Bruno væru dauðhræddir um, að lögreglan væri komin í málið, þar sem pakkarnir væru ekki komnir. Þá höfðu þeir tekið eftir bifreiðum, sem ekið var í kring, og grunaði þá, að málið væri að komast upp.

Ákærði taldi fáránlegt að leggja sig í svo mikla hættu að flytja efnið sjálfur til landsins. Hann telur, að MDMA-töflur séu seldar á um 2.000 krónur stykkið hér á landi. Ákærði hafði verið í stanslausri fíkniefnaneyslu í þrjú ár, þegar tekin var ákvörðun um innflutninginn. Hafði hann reykt hass daglega og auk þess notað MDMA-töflur og amfetamín um hverja helgi.

Ákærði setti töflurnar í tvo pakka, til að minna færi fyrir þeim og einnig vegna þess, að stór pakki færi í aðra deild. Þessar upplýsingar hafði ákærði fengið hjá ákærða X, sem sagði þær koma frá ákærða Gunnari. Þá kom það einnig til athugunar, að einn pakki væri of stór fyrir póstkassa, ef pakkarnir færu þangað. Ákærði sendi pakkana af stað, þótt hann væri áður búinn að fá vitneskju um, að ekki væri víst, að ákærði Gunnar fengi vinnu á laugardeginum.

Ákærði Pétur Bruno kveðst fyrst hafa kynnst ákærða X á skemmtistöðum borgarinnar. Hann neitar að eiga nokkra aðild að innflutningnum og að hafa átt nokkurn hlut að því að skipuleggja hann í félagi við aðra ákærðu. Ákærði neitar því alveg að hafa farið heim til ákærða X um hádegisbil 23. júlí sl. og afhent honum þar 400.000 krónur til kaupa á fíkniefnum. Þá neitar hann því að hafa komið heim til ákærða X á þessum tíma.

Ákærði var staddur í samkvæmi í húsi við Mávahlíð að morgni laugar dagsins 2. ágúst sl. Rétt fyrir hádegi þennan dag, á meðan ákærði var í Mávahlíðinni, hringdi símboði ákærða. Var það ákærði X, sem vildi ná tali af ákærða. Hringdi hann þá til ákærða X, sem upplýsti ákærða, að hann væri búinn að ná saman peningum, sem hann átti að greiða ákærða. Um var að ræða peninga, sem ákærði var að rukka inn. Ákærði vill halda því fyrir sig, fyrir hvern hann var að rukka peningana, og vill ekki heldur gefa upp, um hve háa fjárhæð var að ræða, en hún hafi verið töluloverð. Ákærði veit nokkurn veginn, hvernig sú skuld var til komin, sem hann var að rukka inn hjá ákærða X, en telur sig ekki þurfa að skýra frá því. Ákærði segir ákærða X hafa sagt sér, að hann ætlaði að hitta menn í Hafnarfirði og vildi fá ákærða með sér, þar sem hann virtist ekki geta rukkað þennan aðila sjálfur. Sótti ákærði X ákærða í Mávahlíðina, og saman óku þeir suður í Hafnarfjörð.

Lauk ökuferðinni við Hvammabraut 8. Sagði X ákærða að hinkra og hringdi tvö eða þrjú samtöl í GSM-síma sínum og var mjög órólegur. Ákærði segir X hafa talað í hálfgerðum „stikkorðum“, sem hann hafi ekki átt að skilja, og kveðst hafa spurt X að loknum símtölunum, hvort hann ætlaði að hafa sig að fífl, en ákærði var farinn að ókyrrast. Ákærði X sagði síðan ákærða, að aðilinn myndi hafa sett peningana í póstkassa í stigagangi nr. 8. Fór þá ákærði að hlæja að ákærða X og spurði, hvort hann teldi sig vera eitthvert fífl. Ákvað ákærði nú að fara út úr bifreiðinni og kanna málið. Fór hann inn í stigahúsið, spennti upp póstkassann og tók úr honum tilkynningu, sem í honum var. Kassinn, sem ákærði spennti upp, var með kvenmannsnafni, sem ákærði X hafði gefið ákærða upp. Fór ákærði síðan út í bifreiðina aftur, kastaði tilkynningunni í ákærða X og fór að bölvva og ragna yfir honum. Varð ákærði X þá verulega hræddur og fór að tala um að koma sér af stað. Óku þeir síðan á brott, en á leið niður brekku komu tveir menn bílstjóra megin að bifreiðinni, og voru það G og A, sem ákærði þekkir. Settust þeir inn í bifreiðina og virtust jafnhræddir og ákærði X og töluðu um að fara. Minntist þá ákærði X á Chevrolet-Monsa-bifreið, og leiddi það til þess, að ákærði ók henni til Reykjavíkur, en hinir urðu eftir í hinni bifreiðinni. Skildi ákærði bifreiðina eftir við Háaleitisbraut fyrir utan heimili A og fór síðan heim til sín og þaðan í annað samkvæmi.

Ákærði kveðst hafa ekið mótörhjólí vinar síns, Róberts Kristjánssonar, 23. júlí sl., og í hádeginu þann dag hafi hann farið með tjonstilkynningu til Sjóvár-Almennra og þaðan í tjónskoðunarstöð fyrirtækisins að tilkynna, að bifreið sín væri óökufær eftir árekstur, og til að fá tjónið metið. Ákærði segir, að mótörhjól, sem hann á og er af Yamaha-gerð, hafi verið óökufært þennan dag og hafði verið það í rúma tvo mánuði.

Ákærði segist hafa verið í daglegu símasambandi við ákærða X um langan tíma í júlí og fram í ágústbyrjun, og hafi hann þá verið að rukka ákærða X.

Ákærði segir um úttektir 14. og 23. júlí sl., 170.000 og 120.000 krónur af bankareikningi sínum, að fyrri úttektin sé vegna útborgunar á mótörhjólí sínu og hin síðari vegna viðgerðar á mótörhjólunum. Kveðst ákærði hafa fengið mótörhjól lánað hjá Róbert, vini sínum og samstarfsmanni, 23. júlí sl. og hafa farið af vinnustað, eftir að hann hafði neytt matar kl. 12.30 umræddan dag, og haldið þá á skrifstofu Sjóvár-Almennra. Ákærði telur sig hafa verið einn og hálfan til tvo tíma í burtu úr vinnu. Ákærði man ekki, hvort ákærði X fór út úr bifreiðinni við fjölbylishúsið í Hafnarfirði, á meðan þeir voru þar laugardaginn 2. ágúst sl. Ákærði telur, að ákærðu X og Y séu að blanda honum í málið vegna óvildar í sinn garð, vegna þess að hann

hafi verið að innheimta skuld hjá ákærða X. Þá séu ákærðu X og Y vinir, og sé það vegna vináttunnar við ákærða X, sem ákærði Y sé að bera á hann sakir. Ákærði kannast við að hafa haft á heimili sínu 195 stk. af 5 mg töflum af karlkynshormónalyfinu methandrostenolone.

Ákærði Gunnar segist engan þátt eiga í innflutningi á töflunum, en kveðst þekkja ákærða X og vita, hverjir hinir ákærðu eru, en ekki þekkja þá. Ákærði segir ákærða X hafa spurt sig að því um það bil mánuði fyrir verslunarmannahelgina, hvort ákærði gæti tekið þakka fyrir sig, á meðan ákærði væri í vinnunni. Ekki man ákærði, hvar þeir voru staddir, þegar þetta var borið upp við hann, enda gaf ákærði þessu engan gaum. Áður en þetta gerðist, var ákærði X búinn að spyrja ákærða ýmislegs um vinnu ákærða, sem hann þó vissi áður frá starfsbróður ákærða.

Ákærði kveðst hafa verið að kaupa „græjur“ af ákærða X fyrir í sumar og eins sl. vetur eða í febrúar/mars. Þá hafði ákærði hringt í ákærða X og spurt, hvort hann gæti selt hljómflutnings-„græjur“ fyrir sambýliskonu sína. Lofaði ákærði X að athuga þetta og var í sambandi við ákærða af þessum sökum í júlímánuði sl. Rétt fyrir mánaðamót júlí/ágúst kvaðst ákærði X vera kominn með kaupanda að „græjunum“ og að sá fengi útborgað um mánaðamótin. Skyldi ákærði þá hafa samband við hann. Ákærði kom sér í samband við ákærða X að kvöldi föstudagsins 1. ágúst sl., og kvaðst hann ætla að hafa samband við G, þegar hann kæmi úr vinnu þennan dag. Hringdi ákærði í ákærða X um kl. 19 þetta kvöld, og ræddu þeir þetta mál. Sagði ákærði X ákærða að hringja aftur eftir smástund, en ætla áður að kanna málið frekar hjá G. Ákærði hringdi í ákærða X aftur þetta kvöld og fékk þau svör hjá honum, að G væri tilbúinn að kaupa tækin, og þá fékk ákærði uppgefið heimilisfang G. Ákærði fór ásamt sambýliskonu sinni með „græjurnar“ heim til G um kl. 20 þetta kvöld og afhenti honum græjurnar, en áður hringdi ákærði fyrir utan húsið hjá G til að fá nánari lýsingu á því, hvar hann byggði. Þetta samtal fór fram úr GSM-farsíma sambýliskonu ákærða. Segir ákærði ákærða X hafa verið búinn að lofa sér því að selja sér GSM-farsíma, þar sem ákærði var nýbúinn að selja sams konar síma, sem hann átti. Þá var ákærði nýbúinn að kaupa bifreið með móður sinni og vantaði geislaspilara í bifreiðina. Þessu gat ákærði X ekki bjargað þetta kvöld, og skyldi ákærði því hringja í ákærða X næsta morgun, þ. e. laugardaginn 2. ágúst sl. Þetta gerði ákærði um kl. 10 þennan morgun. Mæltu þeir sér mót við bensinstöð Esso við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði stuttu síðar. Ákærði varð seinn fyrir og hringdi því aftur í ákærða X, sem þá var kominn að stöðinni. Ók ákærði þangað og hitti ákærða X. Rétti hann ákærða GSM-farsíma og geislaspilara. Jafnframt sagði ákærði X ákærða, að hann ætti von

á póstsendingu þennan dag, og myndu A og G, sem ákærði kannaðist við, verða við heimili í Suðurhvammi eftir hálf tíma. Spurði ákærði X ákærða, hvort hann gæti „kíkt á“ þá, verið með þeim og fylgst með húsinu. Ákærði lofaði að „kíkja á“ þá, en ekki að fylgjast með húsinu. Um kl. 11 hringdi ákærði X í ákærða, og sá ákærði þau skilaboð á símanum, að ákærði X hefði reynt að hringja í hann. Hringdi ákærði stuttu síðar í ákærða X. Í þessu samtali ítrekaði ákærði X, að ákærði „kíkti á“ strákana og hvort ákærði gæti síðan „kíkt á“ sig, en hann væri við sjoppu á Hvammabraut. Það gerði ákærði og sagði, að G og A væru í lagi, nema þeir væru blindfullir og undir áhrifum vímuefna. Eftir þetta fór ákærði heim til sín. Klukkutíma síðar hringdi ákærði X til ákærða og bað hann enn að kíkja á G og A og hvort ákærði gæti ekki verið hjá þeim eða ekið þeim út í sjoppu, því að þeir væru ekki ökufærir. Ákærði var að hjálpa bróður sínum úti í bílskúr, en fór hálf tíma síðar og hitti A og G og fékk þá með sér út í sjoppu. Á leiðinni þangað hringdi síminn. Fór þá ákærði inn á næsta plan og svaraði símanum. Var ákærði X í honum og sagði, að póstbíll væri að fara niður brekkuna og hvort hann væri ekki hjá strákunum. Ákærði játaði því og sá um leið póstbifreið aka um hornið Hvammabraut/Suðurhvammi. Þá var ákærði staddur á bifreiðastæðinu við Suðurbraut. Hann ók síðan niður Suðurbraut og beygði upp Ásbraut, Hvammabraut og Suðurhvammi og þá götu út í enda og sá póstbifreiðina og að starfssystir sín, Emma, var að ganga inn í stiga-gang hússins. Við enda götunnar vísaði ákærði G og A út úr bifreiðinni og ók sjálfur heim til sín. Ákærði reyndi að hringja í ákærða X, en þar sem hann svaraði ekki, náði ákærði í geislaspilarann og ók í átt að ákærða X og hitti hann á gatnamótunum, þar sem Hvammasjoppa er. Staðnæmdust þeir þar á bifreiðastæði, þar sem ákærði rétti ákærða X geislaspilarann og símann. Þá sýndi ákærði X ákærða pósttilkynningu og spurði hann eitthvað út í hana, og minnir ákærða, að hann hafi sagt ákærða X, að hann gæti leyst þetta út í næsta pósthúsi. Einnig sagði ákærði, að hann hefði vísað A og G út úr bifreiðinni. Lagði þá ákærði X af stað ásamt ákærða Pétri Bruno, sem var með honum í bifreiðinni, og óku þeir niður Hvammabraut og ákærði á eftir. Sá ákærði stuttu síðar við gatnamótin Lækjarhvammi/Suðurhvammiur/Hvammabraut, að A og G voru að stíga inn í bifreið ákærða X. Þá var ákærði Pétur Bruno að stíga út úr bifreið ákærða X og rólta í áttina upp Suðurhvammi. Bauð ákærði honum far og ók honum að bifreið, sem A og G höfðu verið í og var á bílastæði við Suðurhvammi.

Ákærði vissi ekki, að málið snerist um póstinn, fyrr en á laugardeginum við bensínstöð Esso við Reykjavíkurveg. Ákærði man ekki, hvort hann átti að minna G og A á að taka bréf eða pakka úr póstkassanum. Ákærði kveð-

ur sér hafa þótt gruggugt að eiga að koma skilaboðunum til G og A. Ákærði segir að gefnu tilefni, að hann vakni venjulega kl. 7.00 á morgnana og eins um helgar. Ákærði kveðst hafa vitað til þess, að ákærði X neytti fíkniefna. Hann kann ekki svör við því, hvers vegna ákærðu X og Y bera sakir á sig.

Ákærði kynntist ákærða X í gegnum starfsbróður sinn í janúar á þessu ári, en vissi áður, hver hann var. Ákærði segir ákærða X hafa fyrst spurt sig á föstudagskvöldinu, hvort hann yrði að vinna næsta dag. Ákærði leit á þetta sem almennt spjall, en grunaði ekki, að neitt sérstakt lægi að baki þessari spurningu. Segir hann, þegar hann fékk tilboð ákærða X um pakkann, hafa fylgt með, að hann ætti að fá greiðslu, en man ekki fjárhæðina, þar sem hann gaf þessu ekki gaum. Ákærði upplýsir, að ætíð sé hringt eða barið til að koma hraðsendingum til skila, og ef enginn sé við, sé skilin eftir tilkynning um, að sendingin sé komin á næsta pósthús. Ákærði kveðst ekki hafa neytt fíkniefna.

Vitnið Emma Ingibjörg Valsdóttir, Skeiðarvogi 141 í Reykjavík, þekkir ákærða Gunnar og hefur starfað með honum hjá Pósti og síma í póstmíðstöðinni í Ármúla 25. Vitnið starfaði í afleysingum sem fulltrúi í júní – ágúst sl. á vinnustað sínum og hafði þá yfir ákærða að segja. Vitnið segir, að starfsmenn, þ. á m. ákærði, hafi verið vanir að spyrja, hvort aukavinna væri fánleg. Minnir vitnið, að ákærði hafi haft orð á því einhvern tíma á þessu tímabili, hvort aukavinna væri fánleg, og minnst á, hvort hann gæti fengið vinnu laugardaginn fyrir verslunarmannahelgina. Vitnið minnir, að það hafi vísað þessu til deildarstjórans, en man ekki, hver hann var. Vitnið var að vinna laugardaginn 2. ágúst sl. og ók út sendingum. Vitnið minnir, að kl. hafi verið um 9 um morguninn, þegar ákærði hringdi til þess í vinnuna og spurði um símboða sinn og minntist á, að hann gæti verið í tiltekinni skrifborðsskúffu. Reyndist hann vera þar, og að ósk ákærða var starfsmaður sendur heim til hans með símboðann þennan morgun. Átti þessi starfsmaður leið til Hafnarfjarðar af öðrum ástæðum. Vitnið kveðst hafa verið sérstaklega beðið um að fara með pakkana tvo til skráðra viðtakenda í Hafnarfirði, og var þess getið af tollvörðum, að þeir hefðu inni að halda ólögleg efni. Pakkarnir komu ekki til póstsins fyrr en kl. rúmlega 13 þennan dag, og vitnið fór með þá um kl. 13.30. Undir venjulegum kringumstæðum hefði venjulegur starfsmaður farið með pakkana. Ekki er hægt að fullyrða, hver hefði farið með pakkana undir venjulegum kringumstæðum. Heimilt er að skilja eftir í póstkössum hraðsendingar, ef þær komast niður í kassana, þótt ekki náist til viðtakenda. Að öðrum kosti eru handritaðar á staðnum tilkynningar um, að vitja megi sendinganna á næsta pósthús.

Vitnið Birgir Jakobsson, Hófgerði 18 í Kópavogi, er deildarstjóri í flutningadeild Pósts og síma í Ármúla 25, og var ákærði Gunnar starfsmaður deildarinnar, en ekki á sömu vakt og vitnið. Ef starfsmenn vildu fá aukavinnu, leituðu þeir til deildarstjóranna beggja, sem í sameiningu tóku ákvarðanir í þessu efni, eða þá annar þeirra, ef svo bar undir. Oft var erfitt að fá menn til þess að vinna aukavinnu, en ákærði Gunnar var alltaf tilbúinn að fara í aukavinnu, en ekki man vitnið til þess, að ákærði bæði það sérstaklega um hana. Vitnið minnst þess ekki, að ákærði hafi beðið það um aukavinnu laugardaginn 2. ágúst sl. eða að hafa heyrt, að hann hafi beðið hinn deildarstjóran um það.

Vitnið Bergur Ólafsson, Álfaskeiði 42 í Hafnarfirði, er bróðir ákærða Gunnars, en óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði.

Vitnið fór laugardaginn 2. ágúst sl. um kl. 13 eða upp úr því á heimili foreldra sinna að Smárahvammi 8 í Hafnarfirði. Vitnið kom þeirra erinda að dytta að gömlum bíl, sem það á, og kom akandi á honum að húsinu. Ætlaði vitnið að nýta sér aðstöðu í bílskúr foreldra sinna og var með bílinn fyrir utan hann. Vitnið segir, að ákærði Gunnar hafi rétt sér hjálparhönd. Þá sýndi ákærði vitninu GSM-farsíma og geislaspilara í bíl og kvaðst vera að hugsa um að kaupa þessa hluti. Leist vitninu ekki á hlutina og réð ákærða frá því að kaupa þá. Ekki sá vitnið, að ákærði væri neitt ör eða órólegur, heldur hinn rólegasti. Fór ákærði síðan út í sjoppu, og man vitnið, að hann keypti fyrir það gosdrykk og súkkulaði. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði notaði farsímamann, á meðan vitnið sá til.

Vitnið Berglind Ellen Pétursdóttir, unnusta ákærða Gunnars, kveðst hafa verið heima hjá honum allan föstudaginn 1. ágúst sl. og næsta dag. Vitnið kveðst hafa selt hljómflytningstæki, sem það átti, á föstudeginum um kl. 19 fyrir 20.000 krónur, og hét kaupandinn G. Samdi ákærði Gunnar um söluna við ákærða X, og var vitnið viðstatt. Vitnið segir ákærða Gunnar hafa verið að hugsa um að kaupa sér GSM-síma um þessa helgi. Sá vitnið GSM-símamann á laugardagsmorgninum, en leist ekki á hann. Vitnið vissi ekki til þess, að ákærði Gunnar væri að hugsa um að kaupa geislaspilara, en vissi, að hann vantaði slíkan grip. Vitnið segir ákærða Gunnar hafa farið út um kl. 10 á laugardagsmorgninum og verið burtu í klukkutíma, að vitnið telur. Vissi vitnið ekki, hvað hann hafði verið að gera, fyrr en hann kom aftur, og kom þá í ljós, að hann hafði verið að sækja símann. Vitnið telur það hafa verið í júní eða júlí, að ákærði Gunnar sagði því, að ákærði X hefði boðið ákærða fé fyrir að taka pakka úr póstsendingu og koma honum til sín. Vitninu leist ekki vel á hugmyndina og sagði ákærða það og bannaði honum að taka tilboðinu. Vitnið man ekki til þess að hafa orðið þess vart, að hringt

væri í eða úr GSM-símanum, sem ákærði Gunnar kom með heim á laugar-dagsmorgninum.

Vitnið Róbert Kristjánsson, Huldubraut 5 í Kópavogi, var starfsfélagi ákærða Péturs Brunos hjá smávörulager Olíufélagsins hf. og kannast við að hafa lánað ákærða mótórhjól, en ekki man vitnið, hvenær það var. Vitnið lánaði ákærða við sama tækifæri leðurjakka, hanska og hjálm. Engin merki voru á þessum klæðnaði né hjálminum. Vitnið lánaði ákærða Pétri Bruno hjólið, þar sem hann þurfti að sinna erindum vegna tryggingamála vegna áreksturs bifreiðar, en bifhjól ákærða hafi verið bilað á þessum tíma. Vitnið kveðst hafa lánað ákærða hjólið umræddan dag um kl. 13, og var ákærði í burtu einn til einn og hálfan tíma. Vitnið hefur unnið með ákærða Pétri Bruno í eitt ár og verið verkstjóri hans og segir hann hafa verið mikið frá vinnu á þeim tíma, þegar hann var að fást við áðurgreind tryggingamál.

Vitnið Steinar Birgisson, Reyrengrí 6 í Reykjavík, kannast við, að ákærði Pétur Bruno hafi beðið það að aka sér einu sinni upp í Sjóvá-Almennar í lok júlí sl. Var það vegna þess, að ákærði hafði ekki farartæki á þessum tíma. Ekki veit vitnið, hvernig hann kom til vinnu sinnar, en vitnið er samstarfsmaður ákærða Péturs Brunos.

Vitnið Kristín Gísladóttir, Eyjabakka 15 í Reykjavík, er starfsmaður Sjóvá-Almennra og vinnur í tjóndeild. Það segir ákærða Pétur Bruno hafa komið með tjónskýrslu 23. júlí sl. og afhent vitninu. Kom ákærði Pétur Bruno í tjóndeildina tvisvar eða þrisvar, eftir að hann kom fyrst með skýrsluna. Vitnið getur ekki lýst klæðnaði ákærða Péturs Brunos 23. júlí sl., en minnir, að hann hafi verið dökkklæddur.

Vitnið Unnur Ögmundsdóttir, Dalseli 40 í Reykjavík, starfaði hjá Sjóvá-Almennum í sumar og var til aðstoðar í tjóndeild. Það sá ákærða Pétur Bruno koma í tjóndeildina í þrjú eða fjögur skipti. Einhvern tíma var ákærði í peysu merktri Esso. Þá var hann einhvern tíma í svörtum leður-mótórhjólaga, og minnir vitnið, að hann hafi aðeins einu sinni komið í honum. Ekki man vitnið eftir merki á þessum galla. Vitnið vill fullyrða, að ákærði hafi ekki verið í gallanum í fyrsta skipti, sem hann kom.

Vitnið A fór um hádegisbil laugardaginn 2. ágúst sl. til Hafnarfjarðar í bifreið með G. Ók vitnið bifreiðinni. Vitnið segir, að ákærði X hafi komið heim til þess um kl. 10 umræddan morgun, og var G heima hjá vitninu. Höfðu þeir báðir verið við áfengisdrykkju um nóttina og voru ekkert vel fyrirallaðir. Var erindi ákærða X við þá féлага að fá þá til að aka blárri Chevrolet-Monsa-bifreið frá Breiðagerði 13 suður í Hafnarfjörð. Ekki sagði X þeim, hvert erindið væri, en afhenti þeim heimilisfang á blaði, að vitnið minnir. Þar áttu þeir að stansa og bíða þess, að einhver kæmi til þeirra, og

myndi sá segja þeim, um hvað málið snerist. Þeir félagar óku suður í Hafnarfjörð og stönsuðu við umrætt hús, en ekki man vitnið í dag, hvaða hús það var. Hafi þeir ekki setið mjög lengi í bifreiðinni, þegar til þeirra kom ákærði Gunnar og benti vitninu á að koma yfir í bifreiðina til sín. Gerði vitnið svo. Í bifreiðinni bað ákærði Gunnar vitnið að fylgjast með póstbifreið, sem ætti að renna þarna í hlaðið. Átti vitnið að fylgjast með þeim, sem stigi út úr bifreiðinni, en sá ætti að hafa með sér eitthvert bréf og leggja það í póstkassa í húsinu. Skyldi vitnið síðan fara inn í húsið, brjóta upp kassann og taka úr honum það, sem þar yrði skilið eftir. Vitnið man ekki, hvort rætt var um miða eða pakka, sem það ætti að taka úr póstkassanum. Eftir þessi fyrirmæli fór vitnið út úr bifreiðinni frá ákærða Gunnari og settist inn í bifreiðina hjá G og sagði honum, hvað ákærði Gunnar hefði sagt því. Þeir biðu síðan áfram í bifreiðinni, þar til ákærði X kom á Fiat-bifreið ásamt ákærða Pétri Bruno. Stönsuðu þeir við bifreiðina hjá vitninu og G, en fóru ekki út úr henni. Skrúfaði ákærði X niður rúðuna og G sömuleiðis í bifreiðinni hjá þeim. Spurði ákærði X, eftir því sem vitnið best man, hvort ekki væri allt í lagi. Vitnið man ekki, hverju þeir félagar svöruðu. Eftir mínútu eða svo óku þeir ákærðu X og Pétur Bruno á brott, en þeir félagar urðu eftir. Ekki mjög löngu síðar kom ákærði Gunnar aftur og benti vitninu og G að koma yfir í bifreiðina til sín. Ók ákærði Gunnar henni síðan upp á hæð ekki langt frá og stöðvaði þar bifreiðina. Þar sátu þeir svolitla stund allir þrír, þar til ákærði Gunnar sagði, að nú væri komið að því. Kvaðst hann hafa séð póstbifreið ekið í átt að húsinu. Ók þá ákærði Gunnar í átt að húsinu og fram hjá stigaganginum og sagði eitthvað á þá leið, að lögreglan væri á svæðinu. Ók ákærði Gunnar fyrir endann á blokkinni, þar sem vitnið og G fóru úr bifreiðinni. Gengu þeir þaðan upp á Reykjanesbraut og síðan aftur inn í Hafnarfjörð, og á einhverri götu þar kom hvíti Fiatinn með ákærðu X og Pétur Bruno. Þeir stönsuðu og tóku þá G upp í bifreiðina. Í því kom ákærði Gunnar að, og steig ákærði Pétur Bruno þá út úr bifreiðinni og fór yfir í bifreiðina til ákærða Gunnars. Óku þeir þegar á brott, en ákærði X ók þeim hinum heim til sín í Reykjavík. Vitnið vissi síðan ekkert af þessu máli, fyrr en það var kallað til yfirheyrslu hjá lögreglu og sett í gæsluvarðhald.

Vitnið segir, að ákærði Pétur Bruno hafi farið út úr bifreiðinni með þeim ummælum, að hann vildi fara aftur að stigaganginum, þar sem þeir félagar höfðu áður verið á verði. Ekki man vitnið eftir frekari ummælum ákærða Péturs Brunos við þetta tækifæri.

Vitnið fullyrðir, að það hafi fengið um það skýr fyrirmæli frá ákærða Gunnari, hvað það ætti að gera umræddan laugardagsmorgun. Vitnið

kveðst hafa verið frekar illa fyrirkallað þennan morgun, og megi vera, að það misminni í smáatriðum í frásögn sinni, en það hafi ekki verið svo illa fyrirkallað, að það hafi ekki gert sér grein fyrir, við hverja það var að tala hverju sinni. Vitnið kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvað var að gerast, þegar það fékk fyrirmælin frá ákærðu X og Gunnari umræddan morgun.

Vitnið G segir, að ákærði X hafi beðið það og A að gera sér greiða, og bar hann þetta erindi upp við þá fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgina, að vitnið best man. Vitnið man ekki, hvar þessi bón var borin upp. Ekki var getið um, hver greiðinn ætti að vera. Á föstudeginum talaði ákærði X við þá báða og spurði þá, hvort þeir væru lausir daginn eftir. Ekki man vitnið, hvar þetta samtal fór fram. Í bæði skiptin fékk ákærði X jákvæð svör frá þeim báðum, að vitnið best man. Á laugardagsmorgninum á milli kl. 9 og 10, að vitnið minnir, hringdi vitnið til ákærða X og sagði honum, að þeir tveir væru heima hjá A. Sagðist hann þá vera að koma og sækja þá. Ók hann þeim inn í Breiðagerði, en þar afhenti hann A lykla að Chevrolet-Monsa-bifreið sinni og bað þá að aka henni að tilteknu heimili. Kvað vitnið þá hafa ekið þangað. Vitnið var drukkið og gerði sér ekki grein fyrir, hvert ekið var, en A ók bifreiðinni. Gerði vitnið sér ekki grein fyrir, að þeir óku til Hafnarfjarðar.

Þegar komið var að umræddu húsi, stöðvaði A bifreiðina. Þar áttu þeir að hitta ákærða Gunnar, en hann var þar ekki. Gekk vitnið að sundlaug í nágrenninu og fékk þar að hringja til ákærða X og spurði, hvort þeir væru ekki við rétt hús, en ekki man vitnið, hvar það var. Ákærði X upplýsti, að heimilisfangið væri rétt, og hlyti ákærði Gunnar að fara að koma. Stuttu síðar kom ákærði Gunnar akandi til þeirra, þar sem þeir sátu í bifreiðinni. Fór A yfir í bifreiðina til hans, en kom síðan aftur og sagði, að ákærði Gunnar hefði sagt sér, að þeir ættu að fara inn í stigagang og ná í einhverja tilkynningu í póstkassa. Ekki man vitnið, hvort rætt var um, hvernig skyldi staðið að því að ná í tilkynninguna, en með tilkynninguna áttu þeir að fara á heimilisfang í næsta nágrenni. Heldur vitnið, að umrætt heimilisfang sé heimilisfang ákærða Gunnars. Að fengnum þessum upplýsingum gekk vitnið að húsinu, þar sem ákærði Gunnar átti heima. Af tilviljun hitti vitnið ákærða Gunnar þar fyrir utan, og spjallaði vitnið við hann. Að því búnu gekk vitnið til baka og settist inn í bifreiðina. Eftir það kom ákærði Gunnar, og bað hann þá að koma yfir í bifreiðina til sín. Hann ók henni síðan á eitthvert biflástæði í nágrenninu. Þar biðu þeir stutta stund, en óku síðan aftur inn í botnlangagötuna og í endann á henni. Þar biðu þeir einhverja stund og sáu pósthifreið koma. Bifreiðin stansaði fyrir utan stigaganginn, og fór póstmaður inn í húsið. Á eftir honum fóru tveir menn inn. En er

póstmaðurinn hafði verið einhverja stund inni ásamt mönnum, sagði ákærði Gunnar, að þetta væri eitthvert „klikk“ og ætti póstmaðurinn ekki að vera svona lengi. Sagði hann þeim A að fara út úr bifreiðinni. Gengu þeir eitthvað frá og ætluðu að finna sér stað, til að hringja á leigubifreið, en áður en af því yrði, sáu þeir félagar ákærðu X og Pétur Bruno á ferð í bifreið og stöðvuðu þá. Bað vitnið ákærða X að aka þeim heim, og samþykkti hann það, en ákærði Pétur Bruno vildi fara út úr bifreiðinni. Vildi hann fara aftur að stigaganginum og ná í tilkynninguna. Fór hann upp í bifreiðina til ákærða Gunnars, sem ók þeim á brott og upp botnlangann í átt að húsinu, en ákærði X ók þeim A heim til hans í Reykjavík. Vitnið segir, að ákærði Pétur Bruno hafi sagt, þegar hann fór út úr bifreiðinni hjá ákærða X, að hann þyrfti að ná í þennan miða, því að hann hefði borgað 400.000 krónur fyrir hann.

Vitnið var talsvert ölvað umræddan laugardagsmorgun, en kveðst samt muna, að ákærði Pétur Bruno hafi viðhaft áðurgreind ummæli, þegar hann fór úr bifreiðinni. Vitnið minnst þess ekki, að minnst hafi verið á pakka af hálfu ákærðu, sem ræddu við það. Vitnið minnir, að ákærði X hafi boðið því fimm MDMA-töflur fyrir greiðann, en ekki er vitnið visst um þetta. Vitnið staðfestir, að ákærðu X og Y hafi komið saman til þess í vinnuna seint í júlí sl. og beðið það að annast það að skipta íslenskum peningum í sterlingspund. Átti að gera þetta fyrir ákærða Y, sem væri ekki með skilríki. Staðfestir vitnið, að það hafi orðið við þessari bón. Vitnið man ekki hvenær dagsins þeir félagar komu í vinnuna til vitnisins. Áður en vitnið fór í bankann með ákærða Y, ók hann ákærða X í vinnuna og kom síðan og sótti vitnið. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvað leið langur tími, frá því að ákærði Y fór og þangað til hann kom aftur, en giskar á 5–15 mínútur, en þetta hafi verið stutt. Farið var í banka við Háaleitisbraut, þar sem hann er í nágrenni við Reiknistofu bankanna, þar sem vitnið vinnur. Segir vitnið, að ákærði Y hafi ráðið, í hvaða banka var farið. Vitnið vissi, að ákærðu X og Y höfðu notað fíkniefni, en vissi ekki, í hve ríkum mæli. Vitnið segir, að það hafi verið A, sem sagði því, að það ætti að fara að Smárahvammi 8, og var það eftir að A hafði fengið upplýsingarnar frá ákærða Gunnari. Vitnið segir, að það hafi ekki hvarflað að sér, þegar það var suður í Hafnarfirði á laugardeginum, að það væri þar vegna fíkniefnamáls.

Vitnið man til þess að hafa keypt hljómtæki af unnustu ákærða Gunnars, og hefði það getað verið á föstudeginum fyrir verslunarmannahelgina. Greiddi vitnið 20.000 krónur fyrir tækin.

Nokkur fleiri vitni hafa komið fyrir dóminn, en ekki þykir ástæða til að rekja framburð þeirra.

Niðurstöður.

Með skýlausum játningum ákærðu X og Y, en þær eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu og rakið var, er sannað, að þeir hafa staðið að innflutningi á þeim 783 MDMA-töflum, sem í ákæru greinir. Þá eru vörslur ákærða X á 2,7 g af hassi sannaðar með játningu hans, sem er í samræmi við önnur málgögn. Þá er enn sannað með framburði ákærða Y og vitnanna A og G svo og öðru, sem rakið hefur verið, þrátt fyrir framburð ákærða X sjálfs, að þætti hans að innflutningnum sé réttilega lýst í ákæru.

Allt frá því að ákærði X gaf skýrslu hjá lögreglu 15. ágúst sl. og ákærði Y fyrir dómi 20. sama mánaðar, en þeir voru yfirheyrðir sinn í hvoru lagi, á meðan þeir sættu einangrun, hefur framburður þeirra verið stöðugur um þátt hvers ákærðu um sig í innflutningi á því fíkniefni, er í ákæru greinir. Ber skýrslum þeirra saman í öllum meginatriðum. Þá eru skýrslur vitnanna A og G um þátttöku ákærðu Péturs Brunos og Gunnars í að nálgast pakka þá, er efninu hafði verið komið fyrir í, í samræmi við framburð ákærða X um þátttöku þessara ákærðu í innflutningnum.

Þrátt fyrir neitun ákærða Péturs Brunos er sannað með framburði ákærðu X og Y, að ákærði Pétur Bruno kom á heimili ákærða X um hádegi 23. júlí sl. og afhenti ákærða X peninga til þess að fjármagna innflutninginn. Afhending peninganna er sönnuð þrátt fyrir framburð ákærða Péturs Brunos með framburði ákærða X, sem tók við peningunum úr hendi ákærða Péturs Brunos, og framburði ákærða Y, er sá ákærða X með peninga í höndunum á heimilinu í beinu framhaldi viðtals hans við ákærða Pétur Bruno. Þá styrkir þetta framburður vitnisins G, sem tók að sér þennan dag að skipta peningum fyrir ákærða Y fyrir milligöngu ákærða X.

Sannað er með framburði ákærða Péturs Brunos sjálfs, sem studdur er framburði ákærðu X og Gunnars og vitnanna G og A, að ákærði var í Hafnarfirði, þegar von var á, að pakkarnir með töflunum eða tilkynningar um þá kæmu þar í póstkassa í fjölbýlishúsunum. Er hafnað sem fráleitri sögu ákærða Péturs Brunos um það, að hann hafi verið kominn úr samkvæmi í Reykjavík snemma á laugardegi suður í Hafnarfjörð til að taka á móti greiðslu skuldar hjá ákærða X. Þá er sannað með framburði ákærða Péturs Brunos sjálfs, að hann braut upp póstkassann í húsinu nr. 8 við Hvammabraut, en í hann átti að koma annar pakkanna með MDMA-töflunum, þótt raunin yrði sú, að þangað kæmi aðeins tilkynning um pakkann. Þá er framburður vitnisins G um þau viðbrögð ákærða að hafa sagt, að hann þyrfti að ná í þennan miða, þar sem hann hefði greitt fyrir hann 400.000 krónur, enn til að styrkja þetta. Þegar allt er virt í heild, er sannað,

að ákærði hefur átt hlut að innflutningnum á þann veg, sem lýst er í ákæru. Þá er sannað með játningu hans sjálfs, að ákærði átti þær 195 methandrost-enolone-karlkynshormónatöflur, sem fundust á heimili hans.

Ákærði Gunnar hefur viðurkennt að hafa veitt ákærða X upplýsingar um feril póstsendinga. Þá hefur ákærði viðurkennt, að ákærði X hafi boðið sér peninga, tæki ákærði pakka fyrir hann. Framburður ákærða X um þátttöku ákærða Gunnars í innflutningnum hefur verið stöðugur, allt frá því að ákærði X gaf skýrslu um málið hjá lögreglu 15. ágúst sl. Þá skýrði ákærði X ákærða Y frá samskiptum sínum við ákærða Gunnar vegna fyrirhugaðs innflutnings, og eru skýrslur hinna fyrrnefndu mjög á sama veg um þátt ákærða Gunnars í málinu. Einnig sýna lýsingar vitnanna A og G á framgöngu ákærða Gunnars við að nálgast pakka þá, er talið var, að fíkniefnin væru í, eindregið fram á, að ákærði tók fullan þátt í að reyna að komast yfir pakkana, sem hann vissi, starfs síns vegna, hvenær bornir yrðu út. Enn fremur er á það að líta, að ákærði hringdi á vinnustað sinn umræddan morgun, er hann átti frí, og bað um, að símboði sinn yrði sendur heim til sín. Loks er það að nefna, að sendingunni var ekki beint til Reykjavíkur, þar sem allir aðrir ákærðu en ákærði Gunnar eiga heimili, heldur til Hafnarfjarðar, í grennd við heimili ákærða Gunnars og á það svæði, sem ákærði starfaði við pósthúsið. Þegar allt framangreint er virt heildstætt, er sannað, að ákærði Gunnar hefur staðið að innflutningi taflnanna í félagi við aðra ákærðu, enda eru skýringar á samskiptum hans við ákærðu X og Pétur Bruno svo og vitnin A og G afar ótrúverðugar.

Ákærðu stóðu allir saman að því að flytja til landsins mikið magn af hættulegu fíkniefni, og varðar brot þeirra við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 64/1974. Það er mat dómsins, að þeir séu allir þátttakendur í innflutningnum sem aðalmenn, enda var þáttur hvers þeirra um sig nauðsynlegur liður í því, að hægt væri að fremja brotið, sem var fullframið, þegar pakkarnir tveir komu til landsins. Hlutur ákærða Gunnars í innflutningnum var sá að afla upplýsinga og leiðbeina um væntanlegan feril sendinganna til landsins með póstinum og tryggja það, að sendingin kæmist í „réttar hendur“. Í stórum dráttum eru það ákærðu X og Pétur Bruno, sem eiga upphafið að málinu, og hefur hinn fyrrnefndi séð að mestu um skipulagninguna, en hinn síðarnefndi leggur til fjármagnið. Hlutur ákærða Y er kaup hans á töflunum og frágangur þeirra til sendingar til landsins.

Ákærði X gekkst með sátt í febrúar sl. undir að greiða 85.000 króna sekt fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni. Ákærði Y gekkst með tveimur sáttum á árunum 1994 og 1995 undir að greiða sektir fyrir um-

ferðarlagabrot, ölvunarakstur í bæði skiptin, og auk þess í síðara skiptið fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Þá sætti hann í hvort skipti um sig sviptingu ökuréttar í tólf mánuði. Ákærði Pétur Bruno gekkst árið 1990 með sátt undir að greiða sekt fyrir umferðarlagabrot og ákærði Gunnar árið 1995 með sátt undir að greiða sekt fyrir ölvunarakstur og sætti sviptingu ökuréttar í mánuð. Öðrum refsingum hafa ákærðu ekki áður sætt, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar er til þess að líta, að ákærðu fluttu hingað til lands mikið magn af mjög hættulegu fíkniefni, sem ætlað var til sölu, og að brot þeirra var vel skipulagt og verknáðurinn unninn af þeim í félagi, en þetta lýsir mjög hörðum brotavilja. Rétt þykir við ákvörðun refsinga ákærðu X og Y að taka tillit til þess, að þeir játuðu brot sín greiðlega, stuttu eftir að yfirheyrslur yfir þeim hófust, og áttu þannig þátt í því, að málið upplýstist. Að því er ákærða X varðar, ber þó að líta til þess, að hann verður talinn hafa verið aðalskipuleggjandi innflutningsins, og að því er ákærða Pétur Bruno varðar, að hann lagði til fjármagnið. Við ákvörðun refsingar ákærða Gunnars verður höfð hliðsjón af því, að hann var starfsmaður Pósts og síma hf. og þannig í lykilaðstöðu, til að ráðagerðir hinna ákærðu næðu fram að ganga, enda þótt öðruvísi færi en ætlað var, en það verður ekki virt honum til málsbóta. Við refsiakvörðun ákærðu allra verður höfð hliðsjón af 1. tl., 3. tl., 6. tl. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 2. mgr. sömu lagagreinar. Samkvæmt öllu framansögðu þykja refsingar ákærðu hæfilega ákveðnar sem hér segir:

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði, ákærði Y sæti fangelsi í 3 ár, og ákærðu Pétur Bruno og Gunnar sæti hvor um sig fangelsi í 4 ár.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að gæsluvarðhald ákærðu hvers um sig skuli koma refsingum þeirra til frádráttar til dómsupp-sögu, ákærða X í 90 daga frá 15. ágúst sl. kl. 14.15, ákærða Y í 85 daga frá 20. ágúst sl. kl. 19.25, ákærða Péturs Brunos í 91 dag frá 14. ágúst sl. kl. 22.00 og ákærða Gunnars í 88 daga frá 17. ágúst sl. kl. 2.12.

Ákærðu hafa allir samþykkt endanlegar upptökukröfur ákæruvaldsins í málinu, enda þótt ákærðu Pétur Bruno og Gunnar hafi sagt þær sér óviðkomandi. Verða ákærðu dæmdir til þess að sæta upptöku samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir, og eins og nánar greinir í dómsorði.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og nánar greinir í dómsorði, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun og sak-sóknarlaun til ríkissjóðs.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði Y sæti fangelsi í 3 ár.

Ákærðu Pétur Bruno Scheving Thorsteinsson og Gunnar Ólafsson sæti hvor um sig fangelsi í 4 ár.

Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma gæsluvarðhald þeirra, ákærða X í 90 daga, ákærða Y í 85 daga, ákærða Péturs Brunos í 91 dag og ákærða Gunnars í 88 daga.

Upptækar eru til ríkissjóðs 783 töflur af vímuefninu MDMA, 2,7 g af hassi og 195 töflur af karlkynshormónalyfinu methandrostenolone.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hestaréttarlögmanni, 200.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærði Y greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hestaréttarlögmanni, 450.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, ákærði Pétur Bruno greiði verjanda sínum, Magnúsi M. Norðdahl hestaréttarlögmanni, 450.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, og ákærði Gunnar greiði verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni héraðsdómslögmanni, 450.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt, þar með taldar 200.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
